

**Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra**

06 445

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

kt. 680814-0820

Útgarði 1, 640 Húsavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um nr. 50/2014 um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Embætti sýslumanna heyra undir ráðherra, nú dómsmálaráðherra, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 15/2017 um skiptingu sjónarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði nr. 4/2017 um skiptingu stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 340,3 milljónir og afkoma kr. 10,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 4,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 121,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumannsins á Norðurlandi eystra í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumannsins á Norðurlandi eystra fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Svavar Pálsson  
Sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	325.544.731	299.000.000
Seld þjónusta .....	3	5.319.959	424.423
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	7.012.841	1.862.585
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	2.431.966	2.192.036
<b>Tekjur samtals</b>		<b>340.309.497</b>	<b>303.479.044</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	259.332.505	233.016.352
Annar rekstrarkostnaður .....	6	68.557.994	64.678.627
Afskriftir .....	7	2.431.966	2.192.036
<b>Gjöld samtals</b>		<b>330.322.465</b>	<b>299.887.015</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>9.987.032</b>	<b>3.592.029</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(10.743)	(4.451)
		(10.743)	(4.451)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>9.976.289</b>	<b>3.587.578</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		9.033.276	7.960.345
Aðrar eignir .....		139.697	181.920
		<u>9.172.973</u>	<u>8.142.265</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>9.172.973</u>	<u>8.142.265</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	104.886.877	65.354.762
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	1.775.464	239.450
Handbært fé .....	11	5.850.774	29.086.723
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>112.513.115</u>	<u>94.680.935</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>121.686.088</u>	<u>102.823.200</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		4.015.790	(5.960.499)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>4.015.790</u>	<u>(5.960.499)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	85.548.716	30.251.649
Viðskiptaskuldir .....	13	1.642.109	2.611.985
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	25.414.457	71.623.083
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	5.065.016	4.296.982
<b>Skuldir samtals</b>		<u>117.670.298</u>	<u>108.783.699</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>121.686.088</u>	<u>102.823.200</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		9.976.289	3.587.578
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	2.431.966	2.192.036
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		<u>(2.431.966)</u>	<u>(2.192.036)</u>
		9.976.289	3.587.578
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.536.014)	4.009.854
Tengdir aðilar .....		15.502.278	(39.554.222)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>(47.178.502)</u>	<u>48.811.655</u>
		(33.212.238)	13.267.287
		<u>(23.235.949)</u>	<u>16.854.865</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	<u>(3.462.674)</u>	<u>(2.801.138)</u>
		(3.462.674)	(2.801.138)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		262.674	2.301.138
Fjárfestingarframlag .....		<u>3.200.000</u>	<u>500.000</u>
		3.462.674	2.801.138
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(23.235.949)	16.854.865
		<u>29.086.723</u>	<u>12.231.858</u>
		<u>5.850.774</u>	<u>29.086.723</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	325.544.731	299.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	2.431.966	2.192.036
	<u>327.976.697</u>	<u>301.192.036</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	301.000.000	0	0	301.000.000
Fjáraukalög 5 .....	(800.000)	0	0	(800.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	25.344.731	0	0	25.344.731
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>325.544.731</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>325.544.731</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(315.568.442)	0	0	(315.568.442)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>9.976.289</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>9.976.289</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	247.564	349.050
Ýmsar þjónustutekjur .....	5.072.395	62.343
Fræðslustarfsemi og fundir .....	0	13.030
	<u>5.319.959</u>	<u>424.423</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.011.441	1.849.580
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	6.000.000	0
Ýmsar tekjur .....	1.400	13.005
	<u>7.012.841</u>	<u>1.862.585</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	207.831.783	187.884.311
Orlof, breyting .....	2.207.968	(298.481)
Launatengd gjöld .....	47.976.459	43.615.766
Starfsmannakostnaður .....	1.316.295	1.814.756
	<u>259.332.505</u>	<u>233.016.352</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	25,0	23,4

## Skýringar

	2020	2019	
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>			
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.940.320	2.539.432	
Tæki og búnaður til innréttinga .....	335.634	59.196	
Ýmis tæki og áhöld .....	269.124	108.964	
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	0	3.660	
Orkugjafir .....	2.220.618	1.998.174	
Matvæli .....	3.178.560	2.876.279	
Almennar rekstrarvörur .....	609.393	217.160	
Vörukaup, almenn	9.553.649	7.802.865	
Fundir, námskeið, risna .....	106.500	196.820	
Ferðir, uppihald .....	157.423	1.312.586	
Akstur .....	630.448	976.464	
Sérfræðipjónusta .....	877.306	658.668	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	1.199.439	1.321.569	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	205.336	275.032	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	3.711.298	3.023.830	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	6.887.750	7.764.969	
Samningsbundin kaup og leiga .....	1.407.124	1.138.246	
Afnotagjöld .....	973.769	1.055.097	
Leigugjöld .....	31.921.119	30.896.836	
Notkun véla og flutningatækja .....	669.251	451.077	
Verkkaup .....	6.325.830	5.341.105	
Kostnaðarhlutdeild .....	10.799.502	10.226.932	
Opinber gjöld .....	0	1.500	
Tilfærslur .....	20.000	0	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	52.116.595	49.110.793	
Annar rekstrarkostnaður samtals	68.557.994	64.678.627	
	<b>2020</b>	<b>2019</b>	
<b>7 Afskriftir</b>			
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.389.743	2.149.813	
Aðrar eignir .....	42.223	42.223	
	2.431.966	2.192.036	
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	9.033.276	7.960.345	
Aðrar eignir .....	139.697	181.920	
	9.172.973	8.142.265	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2020 .....	22.016.591	489.936	22.506.527
Viðbætur á árinu .....	3.462.674	0	3.462.674
	25.479.265	489.936	25.969.201
Afskriftir 1.1.2020 .....	14.056.246	308.016	14.364.262
Afskrift ársins .....	2.389.743	42.223	2.431.966
	16.445.989	350.239	16.796.228
Staða 31.12.2020 .....	9.033.276	139.697	9.172.973

## Skýringar

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	100.395.135	62.865.195
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	4.491.742	2.489.567
	<u>104.886.877</u>	<u>65.354.762</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	85.548.716	30.251.649
	<u>85.548.716</u>	<u>30.251.649</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.566.809	0
Skattar .....	208.655	239.450
	<u>1.775.464</u>	<u>239.450</u>

### 11 Handbært fé

Sjóðir .....	398.707	554.263
Tékkareikningar .....	5.452.067	28.532.460
	<u>5.850.774</u>	<u>29.086.723</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 5,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(5.960.499)	(9.548.077)
Afkoma ársins .....	9.976.289	3.587.578
Jöfnuður 31.12. ....	<u>4.015.790</u>	<u>(5.960.499)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 13 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir .....	1.642.109	2.611.985
	<u>1.642.109</u>	<u>2.611.985</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	1.642.109	2.611.985
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt .....	0	0
	<u>1.642.109</u>	<u>2.611.985</u>

### 14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	20.954.454	18.746.486
Ógreidd laun .....	0	1.072.975
Önnur ógreidd gjöld .....	4.460.003	51.803.622
	<u>25.414.457</u>	<u>71.623.083</u>

## Skýringar

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	9.172.973	8.142.265
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(4.107.957)	(3.845.283)
	<u>5.065.016</u>	<u>4.296.982</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	8.142.265	(3.845.283)	4.296.982
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.200.000	3.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	3.462.674	(3.462.674)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(2.431.966)	0	(2.431.966)
	<u>9.172.973</u>	<u>(4.107.957)</u>	<u>5.065.016</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 2,4 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 16 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 33,7 milljónum og vegna rekstrar og þjónustusamninga kr. 14,0 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.